
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2009-06
Fundartími: Þriðjudagur 1. september 2009 kl. 12:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Fundargerð síðasta fundar.
2) Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
3) Fyrstu áhrif efnahagssamdráttar á raforkunotkun.
4) Er ástæða til frekari úrvinnslu núna?
5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Íris Baldursdóttir
Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Agnar Árnason
Ásgeir Sigtryggsson
Gunnar Aðalsteinsson
Sigurður Ágústsson

EFLA: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) JV sýndi og fór yfir tölur um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Raforkuvinnslan hefur aukist um 4,2% frá sama tíma árið 2008 en flutningstöp hafa minnkað um 10,7%. Stórnotkun hefur aukist mikið eða um 7,2% en almenn notkun hefur minnkað um 4,1%. Ótryggð orka hefur minnkað um 4,3% á þessu tímabili væntanlega vegna lítillar loðnuveiði en forgangsorkan hefur minnkað um 4,1%. Meðalhiti er heldur hærri á fyrri hluta ársins en á síðasta ári. Hitastigleiðrétting eykur því heldur notkunina og minnkunin eftir leiðréttingu fyrir forgangsorku er 3,1% en á 2. ársfjórðungi er minnkunin 4,5%. JV sagði að notkunin hafi minnkað meira en hann átti von á. ÁS sagði að minni flutningar eftir byggðalínunni væri skýring á minni flutningstöpum en í fyrra. Einnig benti hann á að Lagarfoss og virkjanir við Seyðisfjörð kæmu betra jafnvægi á vinnslu og notkun á Austurlandi. Íris sagði að flutningstöpin væru mjög næm fyrir því hvernig keyrslu virkjana er háttáð. GA sagði að orkuöflun Orkuveitu Reykjavíkur hefði minnkað um

3,5% á fyrstu 6 mánuðunum og væri þetta í fyrsta skipti sem slíkt gerðist frá því kreppunni 1930. AÁ sagði að minnkunin hjá Norðurorku væri 4% á öðrum ársfjórðungi en aukning á fyrsta ársfjórðungi. PEP sagði að hjá Rarik væri forgagnasorka óbreytt frá fyrra ári.

- 3) JV fór yfir fyrstu áhrif efnahagssamdráttar á raforkunotkun og sagðist hafa útbúið kynningu fyrir Landsnet og fór hann yfir þessa kynningu. PEP nefndi að fram hefði komið í fyrirspurn á Alþingi varðandi fólksfjölda og í svari við henni kom fram að fólki mundi fækka á næstu árum og væri búið að endurskoða fólksfjöldaspá í samræmi við það. AÁ sagði að samdráttur væri í mjólkuriðnaði, PEP nefndi að vatnsverksmiðja í Þorlákshöfn væri ekki fullnýtt, ÁS benti á að líklega mundi almennur framleiðsluðnaður vaxta sökum hagstæðs gengis. Íris nefndi að það tæki aflþynnuverksmiðju á Akureyri um 1.5 ár að keyra upp í fulla framleiðslu miðað við núgildandi áætlanir, óvissa væri um frekari álagsaukningu. Einnig var nefnt að fólk er farið að huga að því að spara orku og t.d. eru dæmi um slíkt hjá sveitarfélögum. JV benti einnig á gróðurhús í því sambandi og PEP benti á nýjan leikskóla á köldu svæði sem notaði varmadælu. GA benti á að notkun á heitu vatni á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefði minnkað um 4% það sem af er ári..
- 4) Rætt var um hvort ástæða væri til að kalla eftir frekari gögnum svo sem keyrslu á notkunarflokkum. Líklega fást takmarkaðar upplýsingar með að kalla inn notkunarflokkva vegna þess hvernig lesið er af mælum. ÁS benti á að nota mætti meira fjarmælingar og notkunarferla. Ákveðið var að JV mundi útbúa eitt blað þar sem fjallað væri um þær breytingar sem orðið hafa á raforkunotkun og áhrif á spána til skamms tíma. Blaðinu yrði síðan dreift með endurskoðaðri raforkuspá.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:00. Næsti fundur ákveðinn 6. október 2009.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
- Glærur: Fyrstu áhrif efnahagssamdráttarins á raforkunotkun.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Blað um breytingar á raforkunotkun.